



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11

Nordic Safe Cities-undirritun sáttmála

Reykjavíkurborg hefur frá vorinu 2016 tekið þátt í stefnumótun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um öryggi í norrænum borgum. Í stefnumótuninni hafa tekið tuttugu borgir frá öllum norðurlöndunum og var stefnumótunin formlega kynnt á fundi í kaupmannahöfn í mars s.l. Upphaf verkefnisins má má rekja til þeirra voðaverka sem framin voru í Útey og mikilvægi þess að lýðræðislegar hefðir norðurlandanna verði hafðar að leiðarljósi til þess að fyrirbyggja að slík atvik eigi sér stað. Norðurlöndin virði þannig grunnvallahugmyndir mannréttinda og frelsis og sjái sig sem opin samfélög sem séu traust og umburðalynd.

Verkefnið snýr að því að að unnið verði að því að fyrirbyggja einangrun einstaklinga í samfélaginu með ýmsum hætti og koma þannig í veg fyrir ofbeldi sem upp getur komið hjá einstaklingum eða hópum. Þá er sama hvaða aðstæður innan ólíkra hópa skapa slíka stöðu.

Með undirskrift sinni undir sáttmálann skuldbindur Reykjavíkurborg sig til þess að setja áherslu á lífið og að byggja öruggt samfélag með trausti, umburðarlyndi og seiglu. Borgin mun vinna að því að tryggja öryggi allra íbúa sinna og koma í veg fyrir öfgahyggju.

Borgin mun vinna að því að eftirfarandi þætti verði tryggðir;

1. Öruggt umhverfi - Að skapa borg sem er opin fyrir alla, alltaf.
2. Örugg netsvæði - Að koma á netsvæðum þar sem ungt fólk getur tjáð sig með öruggum hætti.
3. Sterkari fjölskyldur - Vinna með fjölskyldum til að tryggja öryggi barna og ungmenna.
4. Öruggari stofnanir - Að styrkja stofnanir í hlutverki sínu til verndar, með stefnumótun og frumkvæði.
5. Öflugt starf með ungu fólki - Styrkja málsvara ungs fólks.
6. Örugg hverfi - Tryggja örugg og vinsamleg hverfi og auka samstarf á milli íbúa.

Engin kostnaður felst í undirskrift á sáttmálanum. Borgunum stendur til boða að taka þátt í margskonar samstarfi á vegum borganna til þess að auka þekkingu sína á verkefninu.

Lagt er til að Reykjavíkurborg gerist aðili að sáttmálanum.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

